

## 16. gr.

**Hvenær reglugerðin öðlast gildi.****39**

16. apríl

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð frá 3. marz 1930, um sölu áfengis til verklegra nota, suðuvökva o. fl.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. apríl 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

**REGLUGERÐ****um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum og bifreiðahjólborðum.****40**

26. apríl

Samkvæmt lögum nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafahöldum o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn bifreiðaeinkasölu ríkisins, og er frá 1. maí n.k. öðrum en einkasölu bannað að flytja til landsins bifreiðar og bifreiðavélar, dráttarvagna og bifhjól, en frá 15. júní n.k. hjólbarða (tires), gummíslöngur (tiretubes) og bifreiðarafgeyma.

## 2. gr.

Vörur þær, er bifreiðaeinkasalan flytur inn, samkvæmt 1. gr., selur hún yfirleitt beint til notanda.

Dó skal heimilt að láta umboðsmenn annast söluna á fjarlægum stöðum, ef þörf þykir, og þá samkvæmt sérstökum samningum.

## 3. gr.

Birgðir af þeim vörum, er getið er um í 1. gr. og fyrirliggjandi eru í landinu, þegar reglugerðin gengur í gildi, svo og þær vörur, er pantaðar hafa verið fyrir þann tíma og gjaldeyris- og innflutningsleyfi hefir fengizt fyrir, skal eigendum heimilt að selja kvaðalaust.

Hins vegar tekur einkasalan þær í umboðssölu, ef samningar takast um verð og önnur skilyrði.

Ef birgðir þær, sem fyrirliggjandi eru eða gjaldeyris- og innflutningsleyfi hefir verið veitt fyrir, eru ekki seldar fyrir 1. janúar 1936, verða sett ný ákvæði um birgðir þær, er þá kynnu að vera fyrirliggjandi.

Heimilt er bifreiðaeinkasölu að krefjast skýrslna um birgðir af vörum þeim, sem hún nær til, svo og um ónotuð innflutningsleyfi.

## 40

26. apríl

## 4. gr.

Framkvæmdarstjóri einkasölnunnar ákveður, hvaða tegundir af áðurgreindum vörum skulu hafðar á boðstólum, svo og verðlag þeirra og greiðsluskilmála, í samráði við fjármálaráðuneytið.

Pantaðar vörur getur einkasalan, þar sem því verður við komið, látið senda beint frá útlöndum til ákvörðunarstaðar, og miðast álagningin þá við kostnaðarverð vörunnar kominnar á þann stað; að öðru leyti miðast hún við kostnaðarverð vörunnar kominnar á land í Reykjavík og afhendingar þar.

## 5. gr.

Einkasalan skal hafa fyrirbyggjandi helztu varahluta þeirra bifreiða, er hún hefir flutt inn.

## 6. gr.

Einkasalan skal greiða tolla af vörum þeim, er hún flytur til landsins, svo sem lög mæla fyrir.

## 7. gr.

Viðtækjaverzlun ríkisins er falinn rekstur bifreiðaeinkasölnunnar, en þó skal fjárreiðum stofnananna haldið algerlega aðgreindum.

Fjármálaráðherra veitir forstjóra viðtækjaverzlnarinnar jafnframt prókúruumboð fyrir bifreiðaeinkasöluna.

Reikningsár bifreiðaeinkasölnunnar er almanaksárið.

Af ágóða hvers árs skal leggja 15—25%, eftir ákvörðun fjármálaráðherra, í varasjóð.

Af ágóðanum af rekstrinum til ársloka 1935 má þó leggja 70% í varasjóð.

Ágóðinn af rekstri bifreiðaeinkasölnunnar skal, að frádregnu varasjóðstilagi, greiðast í ríkissjóð.

Af öllum ágóða hvers árs greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum 30% þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, er einkasalan hefir aðalaðsetur sitt í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þenna greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslufélögum 1. marz ár hvert.

Bifreiðaeinkasölu ríkisins ber eigi að greiða skatt samkvæmt 2. grein laga nr. 74, 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

## 8. gr.

Bifreiðaeinkasölnunni skal heimilt að leyfa þeim mönnum, er búsettir hafa verið erlendis og átt hafa þar skrásetta bifreið eða bifhjól, kvaðalausan innflutning þessara farartækja, enda leggi þeir fram fullnægjandi skilríki fyrir búsetu og skrásetningu.

## 9. gr.

Að fengnu leyfi fjármálaráðherra heimilast einkasölnunni að taka rekstrarlán.

## 10. gr.

40

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 500—50000 kr., er renna í ríkissjóð, ef eigi liggur þyngri refsing við að lögum.

Hver sá hlutur, sem ólöglega er innfluttur til landsins, samkvæmt 1. gr., skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölnunnar.

## 11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-  
reglumál.

## 12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1935.

*Fjármálaráðuneytið, 26. apríl 1935.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

**REGLUR**

41

**um fjörefnablöndun smjörlikis.**

27. apríl

## 1. gr.

Allt smjörliki, sem framleitt er hér á landi, skal blanda með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir er mælt í reglum þessum, og ekki öðrum fjörefnum né á annan hátt.

## 2. gr.

Í hverju grammi smjörlikis skulu vera 15 alþjóðaeiningar af A-fjörefni og 1 alþjóðaeining af D-fjörefni og er miðað við samþykkt nefndar Þjóðabandalagsins á fundi í Lundúnum 1931 um fjörefnaeiningar.

## 3. gr.

Rannsóknastofa Háskólans framleiðir sjálf eða annast kaup á A- og D-fjörefnum til fjörefnablöndunar smjörlikis hér á landi, gerir allar nauðsynlegar rannsóknir til að ákveða styrkleika þeirra, setur þau saman í hæfilega blöndu til notkunar, og ber ábyrgð á styrkleika fjörefnanna í blöndunni og réttum hlutföllum.

## 4. gr.

Smjörlikisframleiðendur hér á landi skulu afla sér til framleiðslu sinnar fjörefnablöndu þeirrar, sem um getur í 3. gr., hjá Rannsóknarstofu Háskólans og ekki annarsstaðar, enda er þeim skylt að haga fjörefnablöndun smjörlikis síns að öllu leyti eftir fyrirsögn Rannsóknastofunnar.